

Fundargerð 28. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ miðvikudaginn 29. nóvember 2017. Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð, fundarboðun og rafrænar samþykktir

Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð. Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 27. fundar staðfest milli funda og birt í kjölfarið á vef FRÍ. Formleg samþykkt á „útnefningum FRÍ til íþróttamanns ársins, þjálfara ársins og liðs ársins“ til ÍSÍ var samþykkt rafrænt á milli funda.

2. Fjárhagsáætlun, nánari útlistanir og verkefni ársins 2018

Farið yfir drög að fjárhagsáætlun 2018 þar sem afreksstarfið, unglíngamál, laun stafsmanna og erlend mótabátttaka eru stærsti kostnaðarliðurinn. Einnig rætt um hvert framlag ÍSÍ verði á komandi ári. Starfsmannamál og málefni er snúa að verkefnisstjóra með unglíngamálum voru rædd en vísað til skrifstofunefndar sem bókaði fund hjá sér í vikunni fyrir jól til að útlista nánar hvert svigrúmið er mv. núverandi fjárhag og verkefnastöðu sambandsins.

Ákveðið að drögin liggja fyrir til samþykktar á fyrsta stjórnarfundi í janúar 2018.

3. Lýðheilsa og samstarf

Rætt um samtal sem átt hefur sér stað við ÍSÍ er snýr að lýðheilsumálum og gildi þeirra verkefnis sem nú þegar eru í gangi og hafa fest sig í sessi. Rætt hverjir gætu verið mögulegir samstarfsaðilar eru það frjálsíþróttafélögin eða einnig hlaupa-/hjóla-/gönguhópar. Margir vinklar á slíku samstarfi en spurning hverja á að tengja saman og hvar á að byrja.

Formaður og varaformaður munu hafa þetta mál í sínum höndum af hálfu stjórnar og fá nýjan fund með ÍSÍ í byrjun nýs árs.

4. Upplýsingaflæði

Rætt almennt um upplýsingaflæði til stjórnarmanna og almennt innan FRÍ. Rætt um verklag við fundargerðir. Rætt um hlutverk ritara og annarra stjórnarmanna. Rætt um fundargerðir nefnda, hlutverk tengiliða nefnda og formanna nefnda. Rætt um nýjar starfshætti s.s. notkun samfélagsmiðla. Kanna þarf hvað lög ÍSÍ segja um þennan málaflokk og hvort að fyrir árþing FRÍ 2018 sé vert að skoða lagabreytingar sem samræmast þeim háttum sem viðhafðir eru í dag, á tímum netsins. Rætt um að skilgreina hlutverk stjórnarmanna ennbetur þ.a. álag dreifist betur, ábyrgð og völd séu vel skilgreind. Gjaldkeri óskaði eftir því að stofnað yrði sér netfang gjaldkeri@fri.is til aðgreiningar á pósti sem berast á gjaldkera til úrvinnslu.

Formanni falið að fylgja þessari umræðu eftir á næsta stjórnarfundi með tillögum.

5. Önnur mál

a. Bikarkeppni FRÍ, samþykkt var að Bikarkeppni FRÍ innahúss yrði í Hafnarfirði en utanhúss í Borgarnesi.

b. Rætt um staðsetningu á FRÍ þingi og var ákveðið að meðstjórnandi stjórnar skoði það mál með sveitarstjórum og aðildarfélögum á milli funda.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.18:50. Ritun fundargerðar: Fríða Rún Þórðardóttir